

11/16 1/16

Skógarvörðurinn á Austurlandi

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1975

Sigurður Blöndal

2.

Grastegundir uxu allhratt síðast í júlí og svo trjágróður, er ekki var búinn að taka út vöxtinn í hitakaflanum.

Margar blómplöntur, er blómgast í júlí, blómgust með fyrri móti, t. d. engjarós, er byrjaði að blómgast 15. júlí.

Í ágúst bætti lerki um þriðjungi við lengd ársprotans. Vöxturinn var mjög jafn til 17. og einnig í hlýindunum frá 23. til mánaðamóta.

Um miðjan júlí var all víða farið að minnka vatn í vatnsbólum. Einnig var rennsli á þeim stöðum komið í lágmark, er leið á ágústmán.

Bláber byrjuðu að ná fullum þroska álíka snemma og 1969, þann 5. ágúst. En sveppir byrjuðu að spretta 3. ágúst.

Uppúr hádegi 23. ágúst komst veðurhæð í sunnan 8 vindstig. Þá um daginn fauk í sviptivindi um þriðjunga af há í flekkjum á framtúninu á Hallormsstað.

Dagana 1.-19. sept. var hitinn til jafnaðar 6,0 stig. Og fjöldi sólskinsstunda var þá orðinn svipaður og meðalsólskin í september.

Gróður hélt sig mjög vel fram yfir miðjan mánuðinn og átti sinn þátt í því rigningin 8.-11., 10,5 mm. Kartöflugras féll til hálfis í vægu frosti, er kom 5.-6. sept. Ber létu ekki á sjá í frostinu, en ungar sitkagreniplöntur lítillega.

Á tímanum kl. 9-10 hinn 15. sept. fór vindur vaxandi af SV og færðist meira til vesturs, er leið að hádegi. Rétt fyrir kl. 12 varð Fljótið ljóst af vatnskófi utan við Fljótsbotn. Fór vindur í 9,5 vindstig við Fljótið um hádegisbilið. Þá í veðrinu færðust til glergluggar í græðireitnum og birkitré féllu í Gatnaskóginum.

Hinn 20. sept. færðist lofthiti niður í 2,2 stig úr 6,9 daginn áður.

Frá 20. sept. til 3. nóv. var vetrarveður öðru hvoru á heiðunum fyrir norðan Fljótsdal, mikil snjócoma og skafrenningur.

Það voru hægfara breytingar í haustlit á blöðum trjáa í skóginum bæði síðari hluta september og í októberbyrjun. Í byrjun október voru nætur svalar, en hitinn á daginn var mun hærri en síðustu 8 dagana í september. Felldi skógurinn blöð og lerki nálar með seinna móti. Grös sölnuðu einnig mjög hægt allan október, sem var því að þakka, að þá daga, þegar frost var (síðustu 6 dagana í mánuðinum) var föl á jörðu.

Fram að miðjum nóvember var suðlæg átt og hlýindi. Hést ræktuð jörð alveg græn og talsvert var af ósölnuðum grösnum í útjörð til þess tíma. Þann 12. voru byrjuð að springa út blóm á loðvíði og svolítið að byrja að opnast á þingvíði. Suðlæg átt var einnig 21-22. nóv., en mest frost þann 20. nóv. 9,2 stig.

Mjög snöggar áttabreytingar voru í desember og breytingar á hitastigi. Færðist vindur 6 sinnum frá SV til NV á einum degi. Það hvessti mjög snöglega hinn 3. Veðurhæð V 8 vindstig og fyrripart næturhinn 7. NV 8 vindstig.

Úrfellið í desember er hið minnsta síðan mælingar hófust hér.

27. des. voru aðeins smáskaflar í brúnum Fljótsdalsheiðar og Buðlungavallaheiðar.

Um áramótin var 20 cm þykkt frost í skóginum og 55 cm í græðireitnum.

2. V ö x t u r o g þ r i f t r j á g r ó ð u r s .

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn varð allaufgaður 28. maí. Hafði hann grænkað mjög ört síðustu vikuna, sem var mjög hlý, eins og fram kemur hjá Páli Guttormssyni.

Hinn 21. sept. var skógurinn farinn að gulna talsvert, orðinn mikið gulur 24. sept., en mest lauf féll af honum 11. okt.

Hinn 24. sept. athugaði ég íslensku blæspirnar:

3.

Egilsstaðaösp alveg græn.
Gestsstaðaösp farin að gulna.
Fnjóskadalsösp alveg gul.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1975.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	-4,8	-3,6	105,5	- 3,6	0,0	- 0,4
Febrúar	1,8	+3,1	80,3	+11,2	40,8	+ 13,1
Mars	-0,7	-0,3	17,9	-27,4	109,5	+ 28,0
Apríl	0,1	-1,6	28,5	-12,7	142,0	+ 8,0
Mái	6,5	+1,1	17,8	- 7,9	278,6	+108,9
Júní	7,0	-2,0	26,4	- 3,8	151,9	- 26,6
Júlí	12,2	+1,5	31,7	- 8,9	242,0	+ 62,4
Ágúst	11,2	+1,4	33,5	- 8,6	197,2	+ 66,5
September	4,8	-2,3	37,2	-15,4	104,3	+ 13,0
Október	4,6	+0,2	56,6	- 6,2	23,1	- 29,8
Nóvember	1,9	+1,1	51,4	-28,5	9,3	+ 3,3
Desember	-1,3	-0,3	15,2	-75,7	0,0	-
Árið	3,6	+0,1	502,0	-184,8	1.298,7	+246,6
Júní- Sept.	8,8	-0,4	-	-	-	-

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept. 1975.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	10.	-3,3	-3,3
"	11.	-5,2	-5,5
"	12.	-6,9	-9,0
"	13.	-2,8	-2,9
"	14.	-3,8	-6,4
"	18.	-1,7	-4,4
"	20.	1,6	-0,9
"	21.	-3,8	-5,5
"	22.	2,4	-1,3
"	23.	1,5	-1,0
"	25.	2,3	-0,5
"	30.	2,2	-0,7
"	31.	-3,4	-5,0
Júní	1.	-2,7	-2,6
"	2.	-2,6	-2,9
"	3.	-1,8	-2,3
"	4.	-2,7	-4,1
"	5.	-0,2	-1,5
"	6.	-0,3	-2,3
Júlí	2.	2,0	-1,4
"	3.	2,9	-1,0
"	30.	1,0	-0,7
Ágúst	21.	2,1	-1,2
"	22.	-0,2	-2,0
September	5.	-2,0	-3,0
"	6.	-1,4	-3,4
"	14.	-2,6	-5,6
"	16.	-2,2	-2,5

4.

Tafla III. Hiti 20 C og meira um sumarið.

Mánuður	Dagur	Hámarkshiti °C
Mái	25.	22,4
Júlí	4.	25,8
"	5.	24,2
"	6.	20,5
"	8.	20,6
"	10.	20,0
"	16.	22,0
Ágúst	10.	20,4
"	12.	20,3
"	13.	21,7
"	14.	20,5
Mesta frost um veturinn varð:		
Janúar	11.	-17,4
"	21.	-17,2
Apríl	13.	-14,1

b. Vöxtur.

Vöxtur varð nú góður á lerki, greni og birki, en fremur lítill á furu. Lerkið náði sér nú mjög eftir vorfrostið 1974, en allmikið bar á margtoppa trjám, ekki síst á Altai-lerkinu frá 1957 og 1959.

Birki og ýmis lauftré í gróðrarstöðinni uxu framúrskarandi vel.

Alaskaöspin, sem plantað var á Ormsstöðum fyrir nokkrum árum, óx mjög vel. Sprotar voru 50-60 cm.

c. Fræfall.

Fræ varð nú lítið á trjám svo sem von var eftir hið kalda sumar á undan. Hins vegar má ætla, að mikil blómgun verði næsta ár, ef dæma má eftir reynslunni frá 1968.

Með minnsta móti varð af könglum á broddfuru.

Ofurlítið var af könglum á gömlu lindifurunni. Hér er kannski rétt að geta þess, að við finnum nú talsverðan fjölda smáplanta af lindifuru víðs vegar í Mörkinni. Þær sjást ennþá aðeins að vetrarlagi, þegar gras er fallið. Þessar plöntur geta vart verið af upphaflegu sáningunni frá 1905, heldur virðist líklegt, að um tvennt sé að ræða:

1. Fræ, sem mýs hafa borið út í skóg úr fræbeðum. Líklegast tel ég, að þetta gæti verið fræ, sem sáð var 14. júní 1954. Það voru 200 g, sem send voru af Aider Smeds í Finnlandi. En hann sendi Baldri Þorsteinssyni oft fræ á þessum árum. Enginn vafi er á, að mýs báru mikið burt af þessu fræi.

Hugsanlegt er einnig, að þetta geti hafa geið síðar, en þá var yfirleitt farið að sá lindifurunni á haustin og búa um beðin til þess að verja þau fyrir músum.

2. Fræ, sem á síðustu árum hefir fallið úr könglum af gömlu trján-um í Mörkinni. Oftast hefir verið reynt að tína könglana, en stundum hafa einhverjir orðið eftir.

Safnað var 9,7 kg af birkifræi í trjáreitum í Fljótsdal og 0,3 kg af ungunum trjám innan við Ljósá.

Safnað var 20 l af broddfurukönglum.

d. Skaðar.

Frostskaðar voru engir umtalsverðir á þessu ári í skóginum, en nokkrir í græðireitnum. Talsvert sá á Alaskaösp í frostunum í byrjun júní. Þótt undarlegt megi heita, voru þeir meiri en 27. maí 1974. Var öspin því heldur ótútlegr framan af sumri, en náði sér geysivel á strik, er leið á sumarið.

Í græðireitnum urðu miklir frostskaðar á 2/0 stafafuru, sem nýbúið var að dreifsetja fyrir frostin um mánaðamótin. Það var a.m.k. álit Ketils Kohmans frá Noregi, er skoðaði þessar skemmdir í sumar, að hér væri um að ræða frostskaða, en ekki þornun.

Birkimaðurkur var lítil og tjón af ryðsvepp í græðireitnum ekkert að þessu sinni.

Rjúpa gerði allmikinn skaða í græðireitnum á birki, sem ekki tókst að verja.

Miklar skemmdir urðu í skóginum af völdum snjóþyngslanna, sem mynduðust eftir byljlina fyrri part janúar. Í mörgum þorpum og bæjum á Austurlandi urðu skemmdir af ~~XX~~ þeirra völdum gífurlegar í gördum. Sennilega hvergi meiri en á Egilsstöðum. Eins og Páll Guttormsson hefir lýst, eru þetta örugglega mestu snjóþyngsli hér síðan 1910.

Jón Loftsson hefir tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir þessar skemmdir:

Sé litið á skóginn sem heild, eru skaðarnir ekki stórvægilegir, en einstaka reitir hafa fengið harða útreið. Var það á stöðum, þar sem snjór náði að skafa og myndaði geysistöra skafla, allt að 5-6 m á þykkt. Á slíkum stöðum stendur varla óbrotið tré eftir.

Tveir staðir hafa fengið hvað versta meðferð. (1) Lerkireitur frá 1955, sem stendur í kvos utan við Atlavíkurlæk. Þarna háttar svo til, að utan við kvosina er auður klettarani, sem snjór hefir skafið af og ofan í kvosina og bókstaflega fyllt hana. (2) Hvítgreni og lerkireitir frá 1959 yst í Partinum. Þarna hafa myndast strengir við Hafursá, sem fylltu upp Hafursárgilið, brutu sér leið gegnum birki-beltið í jaðrinum og mynduðu skafla í reitunum, sem lágu næst fyrir innan.

Skaðarnir verða, þegar skaflarnir fara að síga saman. Greinar ~~erxerfæstar~~ sem eru frosnar fastar í snjónum, slitna af og stundum standa eftir algerlega greinalausir stofnar. Þar sem greinin af einhverjum orsökum ekki slitnar af, dregst stofninn niður og þverbrotnar. Þannig má ætla, að í reitum, þar sem trén hafa náð 3 - 4 m, hefði miklu af tjóninu verið afstýrt, ef trén hefðu verið kvistuð upp áður.

Til að fá einhverja hugmynd um, hversu miklir skaðarnir væru á hinum einstöku svæðum, fór fram talning á brotnum trjám haustið 1975. Niðurstöður sjást í töflu IV, en hafa ber í huga, að eingöngu verst útlítandi svæðin voru könnuð.

Tafla IV. Snjóskaðar á Hallormsstað 1975.

Reitur nr.	Staður	Gróðursetningarár	Gróðursett stk.	Brotið stk.	Tegund
62	AIK	1955	2.085	122	SL
162	AIK	1961	555	52	RL
163	AIK	1961	2.650	24	RL
122	PUR	1959	764	80	SL
123	PUR	1959	4.170	168	SL
124	PUR	1959	3.568	130	SL
128					
129	PUR	1959	3.190	659	HG
131	PUR	1959	1.950	46	RG
144	PUR	1960	1.350	15	RG
144	PUR	1960	3.270	40	SG
107	PUR	1958	5.535	235	RG
106	PUR	1958	1.570	75	RG

Hreindýrin gerðu enn mikinn usla í lerki í Mjóanes- og Hafursárlandi og nokkurn í Víðivallagirðingunni í Fljótsdal. Voru dýrin innan girðingar nú mun fleiri en árið áður. Eg bað Jón Loftsson um að gera tölulegt yfirlit yfir þessa skaða, en ósk hafði komið fram um það

6.

frá einum ráðsmanni í Náttúruverndarráði, Hjörleifi Guttormssyni líf-
fræðingi, eftir að ég sýndi honum þessa skaða sl. vor. Skýrsla Jóns
Loftssonar um skaðana af völdum hreindýra birtist í næsta Ársriti
Skógræktarfélagss Íslands. Það var talið mikilvægt, að hún kæmi á
prenti sem opinbert plagg, til þess að auðveldara yrði að taka á þessu
vandamáli.

3. S T A R F S F Ó L K.

Vinnustundir og kaupgreiðslur á árinu voru sem hér segir:

Vinnustundir í tímavinnu alls 18.021 ... kr. 7.463.533
Ákvæðisvinna " 745.639

Fæðispeningar kr. 8.209.172
" 643.039

Alls kr. 8.852.211
=====

Sundurliðun á vinnunni á einstaka kostnaðarliði er á bls. 21.

Í þessum tölum eru ekki teknar með kaupgreiðslur til iðnaðar-
manna, sem unnu að viðgerð Hallormsstaðabæjarins, en þær námu alls
kr. 735.160.

Laun til fólks, sem búsett er í Vallahreppi, námu nú kr. 4.980.396
auk dagpeninga. eru það tæplega 61% af kaupgreiðslum, eða mun minna
en undanfarin ár.

Flest varð fólkið í júní 26 manns.

Í gróðrarstöðinni voru aðalmenn með mér þeir Bragi Jónsson og
Yngvi Sindrason garðyrkjuskólanemi. Bragi byrjaði að klippa græðlinga-
efni 3. apríl, en fór alfarið í það 15. apríl og var úr því óslitið
í gróðrarstöðinni til 25. nóv., er vetrarumbúnaði var að mestu lokið.

Jón Loftsson var fyrstu vetrarmánuðina bundinn við vinnu í
Hallormsstaðabænum, en hann og fjölskylda hans fluttu inn í bæinn
hálfkaraðan í byrjun febrúar. Ennfremur vann hann allengi í haust
við lagfæringar kringum húsið og í kjallara.

Frá því í aprílbyrjun, er skógarhögg hófst, sá hann um það og
úrvinnslu skógarafurða og afgreiðslu þeirra. Um jólatrjáhögg og -sölu
sá hann að öllu leyti í fjarveru minni. Hann leit eftir framkvæmdum
við Ásagirðingu. Hann gerði kannanir þær, er fyrr voru taldar, á
skemmdum af völdum snjóþyngsla og hreindýra. Hann hóf einnig að setja
inn á loftmyndir plöntuteiga, sem ókortlagðir voru frá síðustu árum.
Hann hélt einnig áfram að búa sig undir væntanlega gróðurkortagerð.
Hann sá um gróðursetningu.

Páll Guttormsson vann allt árið að kjarrhreinsun í plöntuteigum
og varð vel ágengt.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona í 17. sinn. Mötuneyti hófst
21. maí og kom þá fyrsta vor- og sumarfólkið. Mötuneytinu var slitið
20. sept.

Þórarinn Benedikz vann hér við tilraunir 21.-29. júlí.

Ólafur Ásgeirsson, deildarstjóri hjá Landmælingum Íslands, var
hér 18.-22. ágúst með tvo menn með sér til þess að gera mælingar á
jörðu niðri fyrir gerð myndkorts af landi Skógræktar ríkisins frá
Grafningsá við Skjögrastaði að Gunnlaugsstaðalæk á landamerkjum Mjóa-
ness og Gunnlaugsstaða. Var Jón Loftsson þeim til aðstoðar við það
verk. Loftmyndirnar voru teknar 27. maí.

4. G i r ð i n g a r.

Viðhald. Girðingarnar hér heima voru nú afarilla farnar eftir
snjóþyngslin. Viðgerðin fór að mestu fram í júlí, þar eð ekki var
hægt að sjá af mannskap í það fyrr. Tók vinnan við viðhaldið 360 klst.
og kostaði 140 þús. kr.

7.

Jórvíkurgirðingin var einnig illa farin. Sá Ingólfur Reimarsson, bóndi á Innri-Kleif í Breiðdal, um það verk, eins og undanfarin ár. Lagði hann til bíl og dráttarvél til þess. Þetta varð óhemjumikið verk, sem kostaði nær 277 þús. kr. Á þessu ári kom einnig til gjalda viðgerðin frá árinu á undan, um 60 þús. kr.

Ásagirðing. Vinna við framhald Ásagirðingar hófst 28. ágúst og stóð með allmiklum hléum til 8. okt. Tókst að ljúka allri jarðvinnu, staurun og strengingu á neðsta gaddavírsstreng á kaflanum frá Sellæk að Grafningsá. Er nú aðeins eftir að strengja vírnet og tvo efri gaddavírsstrengina á þennan kafla. Hliðin meðfram Grafningsá niður að Gilsárgili er nálægt 500 m. Var búið að jafna undir hann 1973.

Nú kom að góðu gagni traktorgrafa sú, sem keypt var í vor.

Baldur Jónsson vann þetta verk ásamt 2-3 mönnum lengst af.

Unnar voru 572 klst., sem kostuðu 278 þús. kr.

Þetta var notað af efni:

100 lerkistaurar grannir.

100 "- sverir.

50 birkistaurar sverir.

20 járnstaurar.

8 netrúllur.

14 gaddavírsrúllur.

1 sigvírsrúlla.

5. Skógarhögg.

Á árinu féllu aðeins 76 tonn af viði.

Vegna hinna miklu snjóalaga hófst skógarhögg ekki fyrr en 1. apr. Stóð sú lota ekki nema fram í byrjun maí.

Síðan var aftur tekið til 22. júlí og haldið áfram til miðs ágúst.

Loks var ofurlítið höggvið fyrri hluta sept.

Á milli kom svo úrvinnsla á staurum, kurli og efniviði.

Þessi svæði voru grisjuð:

1. Hluti af lerkiteigum frá 1953, 1954 og 1955. Var þetta önnur umferð í öllum teigunum.

2. Neðst í Flataskógi ofan við Ormsstaðagrund, þar sem eingöngu var felldur efniviður.

3. Í Stóraskógi öll kinnin frá Sjónarhrauni og inn að Króklæk (blágreni o.fl. plantað 1962). Einnig niður með Kerlingará.

4. Gatnaskógur.

5. Hluti af Tófuklapparskógi í Ásum.

Jólatré.

Felld voru 860 jólatré og 125 kg af greinum. Tafla VIII sýnir, hvernig jólatrén skiptast í stærðarflokka.

Byrjað var að fella trén 25. nóv. og lauk afgreiðslu og útkeyrslu að mestu 19. des. Gekk þetta allt eins og í sögu að þessu sinni, enda hagstætt veður allan tímann og snjólaust. Trén voru græn og falleg og voru kaupendur víst hinir ánægðustu.

Sala:

Nettósala (sölusk. og fragt ekki innifalið) nam:

Eldiviður, staurar, efniviður kr. 1.101.971

Jólatré og greinar " 1.279.427

kr. 2.381.398

Rekstur Skógræktar ríkisins " 89.100

Alls kr. 2.470.498

Kostnaður við öll verkefni sést í kostnaðaryfirlitinu á bls.

8.

Tafla V. Sala girðingarstaura á Hallormsstað 1975.

Stærð og tegund	Fúavarðir og yddir	
<u>Lerki:</u>		
B 2	1.009	
B 3	1.687	
<u>Birki:</u>		
B 2	75	
B 3	30	
Styttur	1.300	
Alls	4.101	

Tafla VI. Viðarsala á Hallormsstað 1975.

Arinviður 460 pokar	15.180	kg
Efniviður til smíða, birki	8.156	"
Efniviður til smíða, lerki	3.300	"
Reykingaviður, kurlaður	2.100	"
Eldiviður, kurlaður	4.000	"

Alls 32.736 kg.

Tafla VII. Staurabirgðir í árslok 1975.

Stærð og tegund	Fúavarðir og yddir	Ófúavarðir og yddir
<u>Lerki:</u>		
B 3	70	-
<u>Birki:</u>		
B 2	352	-
B 3	303	-
B 4	50	100
Styttur	220	160
Alls	995	260

Tafla VIII. Sala jólatrjáa og -greina á Hallormsstað 1975.

Trjátegund	Stærðarflokkar											Alls tré	Gr. kg
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	11.		
Rauðgreni ...	53	170	259	199	52	33	17	7	1	-	-	791	-
Sitkagreni ..	-	-	-	-	-	-	-	1	8	1	2	12	-
Broddgreni ..	2	19	16	7	-	-	-	-	-	-	-	44	12
Stafafura ...	-	-	4	1	-	6	-	-	-	-	-	11	113
Fjallapínur .	-	-	-	-	-	-	-	1	1	-	-	2	-
Alls	55	189	279	207	52	39	17	9	10	1	2	860	125

9.

6. GRÓRRARSTÖÐ.

a. Fræplöntur.

Gróðrarstöðvartöflur sýna, hve miklu var sáð.

Plöntubirgðaskýrslur sýna, að 1/0 plöntur eru um 550 þúsund. Allt fræ spíraði vel, nema helst blágrenið. Það spíraði seint og plönturnar voru ákaflega smáar, en vonandi tekst þó að verja þær yfir vetrartímam.

2/0 plöntur teljast 249.000 og er hægt að dreifsetja mest af þeim. Hluti af blágreninu verður að standa til næsta vors.

Eftir standa rúm 70 þúsund 3/0 plöntur, sem ekki var hægt að dreifsetja vegna plássleysis og líka vegna hins, að svo áliðið var orðið. Þannig var hvorki dreifsett rauðgreni né síttagreni. En þetta eru stórar og góðar plöntur, sem kapp verður að leggja á að dreifsetja snemma.

Birkið í plasthúsinu var mestan part mjög fallegt, þótt því væri sáð mánuði seinna en í fyrra. Það var tekið upp og flokkað vandlega. Smæstu plönturnar eru taldar henta mjög vel fyrir rúllur.

b. Dreifplöntur.

Dreifsetning varð nú nær 100 þús. pl. meiri en í fyrra.

Flestar plönturnar, sem dreifsettar voru, líta vel út. Óhugnanlega mikið drapst hins vegar af stafafurunni strax eftir dreifsetningu, svo sem á var drepíð fyrr. Það var kannski óheppni að þessu sinni, að við vorum búin að dreifsetja svo mikið sem raun var á af stafafurunni fyrir frostin um mánaðamótin maí-júní, því að sú fura, sem sett var eftir, slapp mun betur.

Dreifsetningin gat nú hafist á skikkanlegum tíma, en lá þó niðri hátt í viku í byrjun júní vegna kuldanna.

Birkið 2/0 og 3/0 var geymt á frysti á Tumastöðum og kom það frábærlega vel til eftir dreifsetningu. Einu vanhöldin að kalla stafa af því, að dálítið af plöntunum lifnaði ekki vegna skemmda af völdum ryðsvepps sumarið áður.

Hins vegar fór 1/0 birkið afarilla af völdum rjúpnabits og varð að kasta ákaflega miklu af því, en toppstýfa hitt, sem slapp.

Grenidreifsetningin frá 1974 lítur ágætlega út, en furudreifsetningin frá því ári fór afarilla. Sömu leiðis Altai-lerkið nr. 736. Ákaflega mikið drapst af því, þar eð plönturnar lifðu hreinlega ekki af frostið 27. maí 1974. Við vissum þá starx, að mikill vandi yrði að flokka þær plöntur. Við höfum greinlega sett niður of mikið af þeim. Hins vegar eru MoDo lerkiplönturnar nr. 822 mjög fallegar og koma til afgreiðslu í vor. Þær skemmdust ekkert í þessu sama frosti.

c. Garðplöntur.

Garðplöntusalan varð mun minni en árið áður. Munar þar tæpum 3 þúsund plöntum.

Miklu minna var nú dreifsett en æskilegt hefði verið og olli því einkum, hve seint við gátum haft tilbúinn nýja garðplöntureitinn. Ennfremur fór geysilegur og dýrmætur tími í að gera við brotnu vermi-reitagluggana, sem síðar verður sagt frá. Við höfðum miklu minna af birki til garðplöntudreifsetningar en árið áður og gátum ekki sett niður nema tiltölulega lítið af greni. Hins vegar dreifsettum við mikið af mjög fallegum 1/0 reynivið, sem ég reikna svo með að færa út 1977.

Pottaplönturnar frá árinu áður fóru hörmulega. Vitum við ekki, hverju er um að kenna. Orsökinn kann þó að vera sú, að við höfðum ekki almennilega geymslu fyrir þær. Ennfremur komumst við að því, að móldin, sem notuð var í pottana, var algerlega óhæf án íblöndunar af mosa og vikri. Var nú reynd ný moldarblanda, sem vonandi gefur betri árangur en óblönduð mold. Við vonum, að þetta séu allt byrjunar-örðugleikar.

10.

Flestar plönturnar, sem dreifsettar voru í beð 1974, komu vel til. Undantekning er broddfuran og sveigfuran, sem eru ákaflega veseldarlegar.

Vorgræðlingarnir frá í fyrra, sem stungið var gegnum svart plast, uxu eins og illgresi. Alaskaöspin fékk allt að 150 cm ársprota. Fékk hún þó engan áburð, þar eð plastið er enn yfir. Öspin, sem stungið var í vor, náði allt að 80 cm sprota. Sama var um víðigræðlingana bæði árin. Þeir hafa aldrei verið neitt svipaðir að gæðum.

Flestir sumargræðlingarnir frá í fyrra komu vel til. Við erum líka vongóðir með sumargræðlingana í ár. Þó var þeim stungið fullseint. Stafaði það líka af því, hve langur tími fór í gluggaviðgerðirnar.

d. Afhending skógarplantna.

Afhending varð svipuð og áætlað var. Mjög vel gafst að fara með plöntur suður í Tumastaði. Mun það örugglega borga sig, meðan við höfum ekki frysti sjálfir. En honum verður auðvitað endilega að koma upp hið fyrsta.

Við gátum nýtt ferðina báðar leiðir í vor, þegar farið var í Tumastaði að sækja plönturnar. Við færðum Garðari greni um leið. Það hefði kostað álíka mikið og bensínið á bílinn í ferðinni að senda þessar plöntur með vöruflytningabíl til Reykjavíkur.

Hinn 14. okt. hófst upptaka á birki, sem afhenda á og dreifsetja næsta vor. Stóð hún með litlum hléum til 7. nóv. Var þá allt tilbúið og pakkað í plastpoka. Hinn 13. nóv. var farið með allar birki- og furuplöntur í plöntugeymsluna á Tumastöðum, en lerkirúllur voru teknar austur. Með þessu var búið að létta verulega á afgreiðslu næsta vor. Við vorum oftast þrjú í þessu og vorum við um 6 daga að taka upp og flokka birkið úr plasthúsinu. Slógum við þó hvergi slöku við.

Í ljós kom, er við töldum 2/2 birkið, að útkoma á dreifsetningu þess var ótrúlega góð, þótt aðstæður væru þá ákaflega óhagstæðar, því að þetta birki var ekki einungis alláfgað, heldur farið að vaxa. Við héldum satt að segja í fyrrasumar, að mikið af því myndi drepast. 96% af því komu samt til skila í afhendingu.

Nú var valið besta birkið úr öllum árgöngum til endurdreifsetningar næsta vor. Eru það um 3.800 plöntur úrval og 450 limgerðispl. Þessum plöntum var slegið niður hér og við það miðað að setja þær strax niður og hægt er að byrja næsta vor. Verður þetta nokkurt átak í þá átt að eignast stóran lager af garðplöntum af birki, sem hægt verði að ala upp í verulega stærð.

e. Nýframkvæmdir.

Plasthús. Sett var upp eitt lítið plasthús fyrir sumargræðlinga og annað er tilbúið til ástrengingar. Bogarnir í bæði þessi hús voru beygðir hér.

Keypt voru galvaniseruð rör í boga á båruplasthús. Voru þeir beygðir og eru tilbúnir til uppsetningar. Plötur í húsið, sem legið hafa suður í Fossvogi í 2 ár, fengust loks fluttar austur eftir miklar bollaleggingar og erfiðleika að koma þeim á flutningabíl.

Gert var stæði fyrir húsið neðan við væntanlegt skemmuhlað, þar tvö önnur plasthús geta líka staðið.

Ætlunin var að ganga frá undirstöðum undir båruplasthúsið í haust, svo aðhægt væri að reisa það snemma í vor. Til þess vannst því miður ekki tími.

Nýrækt. Sandi var ekið í efri hluta annars nýja stykkisins fyrir garðplöntur. Gert var sæti fyrir fleiri plasthús neðan við plasthússtæðin, sem áður var lýst. Eru þau efst í ytra stykkinu, sem rutt var í fyrra.

Vegagerð. Malborinn var vegurinn framan við væntanlega skemmu niður í reitinn og hluti af aðalvegnum ofan við reitina.

11.

f. Ýmislegt varðandi gróðrarstöðina.

Skemmdir á gluggum. Mestur hluti af glerinu í vermireitagluggunum brotnaði undan snjóþyngslunum í janúar. Var það ákaflega mikið tjón. Í miðjum vorönnum urðum við að eyða dýrmætum tíma til þess að taka allt glerið úr gluggunum og glerja á ný með þeim heilu rúðum, sem eftir voru. Var það aðeins í 60 glugga. Yfir hina gluggana var strengt plast til bráðabirgða. Í þetta verk fóru 350 klst., sem kostuðu 123.117 kr.

Illgresiseyðing varð ákaflega kostnaðarsöm. Að vísu notuðum við White Spirit á fræbeð og ganga, en simazin á dreifbeð. Árangurinn af úðuninni varð ekki nógu góður. Varð því vinna við reytingu óheyrileg og við höfðum hreinlega ekki undan illgresinu, svo að það varð bagalega stórt, sem aftur gerði verkið miklu meira en ella. Reyting ~~XXXX~~ dreifbeða tók 992 klst. og kostaði 370.728 kr., en reyting fræbeða 864 klst. og 308.764 kr. Langmestur hluti reytingarinnar í fræbeðum fór í 1/0 beðin. Það er kostnaður, sem að mestu mætti spara sér, ef hægt væri að sá í plasthús, því að skipti á mold í plasthúsum myndi vart vera meira verk en undirbúningur fræbeða úti. Allir karmarnir hér eru að verða ónýtir, svo að stórfé þyrfti að leggja í nýja karma og glerjun glugga, ef áfram á að sá úti. Sýnist því sjálfsagt að kaupa þega a.m.k. 2 ný plasthús, sem dygðu fyrir lerkisáningu. Væri þá við það miðað að fá plönturnar í dreifsetningarstærð á einu sumri. Þá þyrfti ennfremur að vera hægt að taka plönturnar upp að hausti og geyma þær helst á frysti til næsta vors.

Það má reikna með því, að reyting fræbeða ásamt nauðsynlegri endurnýjun beðaútbúnaðar myndi ekki kosta undir 6-700 þús. kr.

g. Kostnaður.

Kostnaður, sem féll beint á gróðrarstöðina, varð þessi (launa- tengd gjöld og fæðispeningar ekki með):

1. Vinnulaun 11.027 klst.	kr. 4.314.540
2. Vörur til gróðrarstöðvar	" 390.784
3. Aðkeypt viðhald vatnskerfis	" 58.371

Alls kr. 4.763.695

h. Sala.

Úr stöðinni nam nettósala og verðmæti eigin plantna þessum upp- hæðum (söluskattur, umbúðis og fragtgjöld ekki með):

1. Garðplöntur	kr. 1.748.250
2. Skógarplöntur (incl. Fljótsdalspl.) ..	" 1.097.144
	<u>kr. 2.845.394</u>
3. Plöntur til Skógræktar ríkisins	" 675.386

Alls kr. 3.520.780

i. Birgðir.

Birgðir af öllum árgöngum skógarplantna í stöðinni eru nú um 1.200 þúsund.

7. G r ó ð u r s e t n i n g.

Plöntun á Hallormsstað, Hafursá og í Mjóanesivarð 42.400 plöntur. Plöntunin hófst 29. maí í skóginum og lauk 11. júlí. Er þá með- talin plöntun í Fljótsdal.

Á Hafursá og í Mjóanesivar allmiklu af greni og furu plantað í plógstrengi. Lerki- og furuplöntunum á Ormsstaðum var einnig plantað í plógstrengi, sem gerðir voru með venjulegum ákurplóg. Þessar lerki-

Tafla IX. Plöntun á Hallormsstað, Hafursá og í Mjónesi 1975.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Mjónes	Hafursá	Ormst,	ÚAR	Tún	Mörk	KAR	Alls
ERG	Sapinero	346	2/5	-	-	-	3480	-	-	-	3.480
BG	Park. C	717	2/5	-	840	-	7350	-	-	-	8.190
RG	Trysil	699	2/3	-	2500	-	-	1500	-	-	4.000
RG	Hallorm.	-	2/3	-	-	-	-	-	160	1145	1.145
SG	Hallorm.	743	2/3	1800	-	-	-	-	-	-	1.960
STF	Smithers	678	2/3	-	500	-	1600	-	-	-	2.100
STF	Anaheim	670	2/2	-	4800	-	-	-	-	1590	6.390
LF	Irkutsk	722	3/3	-	-	-	-	-	-	3850	3850
LF	"	685	3/3	-	-	-	-	-	-	2325	2.325
BF	Haut. C.	755	2/3	-	-	2720	-	-	-	-	2.720
SL	Altai	736	2/4	-	-	3850	-	-	-	-	3.850
SL	Domsjöä.	762	2/2	-	-	2400	-	-	-	-	2.400
Alls				1800	8640	8970	12430	1500	160	8910	42.410

31970

13.

plöntur áttu skv. starfsáætlun að fara í skjólbelti, en ákveðið var síðan í samráði við Hauk Ragnarsson að setja þær niður hér í bili og miða við, að síðar mætti taka þær upp með hnaus og nota í skjólbelti, þegar skjólbeltatílaunir hefjast hér eystra.

Kostnaður við plöntunina hér heima varð 309.904 kr.

8. H i r ð i n g p l a n t n a.

Kjarrhreinsun.

Páll Guttormsson vann að kjarrhreinsun allt árið, svo sem fyrr var sagt.

Hann fór yfir plöntuteiga í Vörðuhrauni upp fyrir mitt svæðið.

Þá fór hann yfir allstór svæði í Stóraskógi og allan Stórhólinn, m. a. lerkið úr Guttormslundi, sem plantað var 1961

Loks fór hann yfir allan efri hluta Ljósárkinnar.

Áburðargjöf.

Borið var á nokkra jólatrésreiti.

9. B y g g i n g a r.

a. Umdæmisbústaður.

Málað var eldhús, bað, forstofa, svefnherbergi. Einnig flestir gluggar, dyrakarmar og nokkuð af veggjum á efri hæð hússins inni. Áður en eldhúsið var málað, var skipt um nokkrar hurðir í eldhúsinnréttingu, en þær höfðu verið mjög undnar frá upphafi.

b. Starfsmannabústaður.

Halðið var áfram að lagfæra lóðina kringum húsið. Tyrft var það, sem ekki vannst tími til haustið áður. Fluttir voru 7 fjallapínir, sem taka þurfti burt úr teignum frá 1936 í Efri-Mörkinni, og gróðursettir þarna við húsið. Ennfremur nokkur grenitré, m.a. blágreni af fyrsta Hallormsstaðagreninu frá 1952. Ofan við bílahlaðið í skóginn voru sett 70 lítil lerkitré af Sénkúrskkvæmi frá 1963, er flytja varð burt, er rutt var fyrir skemmuni.

Keypt voru handslökkvitæki til viðbótar þeim, sem fyrir voru, skvþ kröfu brunavarnaeftirlitsins.

Ýmsar fleiri aðdyttingar voru gerðar. Ógreiddir voru nokkrir minni háttar reikningar frá árinu áður, er samið hafði verið um.

c. Hallormsstaðabærinn.

Hinn 6. mars kom Gunnar Jóhannsson trésmíðameistari úr Reykjavík aftur til starfa við bæinn ásamt tveimur smiðum. Með þeim komu Stefán Guðmundsson málarameistari úr Reykjavík og Guðmundur sonur hans.

Þessir menn unnu í húsinu til loka mars ásamt rafvirkja og pípu-lagningarmanni. Tókst í lotunni að ljúka að mestu smíði og málningu á neðri hæð hússins.

1.-7. sept. kom Gunnar aftur með 2 menn til þess að ljúka ýmsu, sem eftir var uatnhúss, m.a. að leggja Icopalpappa á þak skúrbyggingarinnar.

Um sumarið hafði verið steypt kringum kjallarainngang, sem gerður var í kjallara steinhússins. Um haustið var gengið frá frárennsli úr kjallaranum og hlaðið lagfært um leið. Fyrir jól var svo hlaðinn upp úr steini klefi í kjallara kringum miðstöðvarketil og gengið frá eldvarnaplötum í loft klefans. Þetta var gert í samráði við brunavarnaeftirlitsmann.

Það helsta, sem eftir er við húsið, er þetta:

Fullnaðarfrágangur á kyndiklefa. Útihurð í kjallarainngang. Málning hússins utan. Nauðsynlegar lagfæringar á lofti gamla hússins, sem er frágangur á lofti í einu herbergi, skápar og 2 nýjar hurðir. Þak steinhússins, loft í kjallara gamla hússins er óeinangrað, en einangrun er til.

14.

d. Skemma.

Ekkert var unnið við skemmubygginguna sjálfa, en járnklæðning á veggina kom hingað í vor. Hins vegar eru rammarnir ókomnir enn hinir nýju.

Í haust var jafnað út á hlaðið uppgreftrinum úr grunninum, sem við urðum að ýta upp í haug í fyrrahaust vegna þess, hve blautt var. Sumt af þessu efni var jafnað í staðið undir væntanlegt báruplasthús. Er hlaðið nú tilbúið fyrir malburð.

10. V é l a r o g v e r k f æ r i.

Almennt verkfæraviðhald var svipað og venjulega.

Ferguson-dráttarvélín nýrri bilaði í sumar og þurfti að kosta talsverðu til hennar. Á þessu ári er færður til gjalda reikningur fyrir allumfangsmikla viðgerð árið áður. Sá reikningur barst ekki fyrr en eftir áramót.

Talsverð viðgerð fór fram á U-866. M.a. var bíllinn málaður í svipuðum lit og nýi bíllinn.

Á viðhaldskostnað U-1905 er færð vinna við ferðir í Egilsstaði einu sinni í viku til aðdráttu fyrir staðinn frá byrjun febrúar fram í síðari hluta máí. Skólarnir á staðnum greiddu þessar ferðir og er það fært bílnum til tekna, en það voru rúmlega 50 þús. kr.

Í apríl kom hingað ný dráttarvél, FORD 5000, með góðu moksturstæki og léttri gröfu. Eru þetta hin bestu þing, sem þegar hafa orðið að ómetanlegu gagni. Nauðsynlegt er þó að kaupa við fyrsta tækifæri 2 skóflur á gröfuna, V-skóflu fyrir skurðgröft og breiðari skóflu fyrir venjulegan gröft. Skóflan, sem fylgdi gröfunni er fyrir ~~XXXX~~ ræsagröft fyrst og fremst.

Þessi dráttarvél var fánleg á verði ársins á undan og til afgreiðslu strax í apríl. Fyrir því var afbeðin MF-dráttarvél, sem pöntuð var í febrúar. Vitum við nú, að slík vél hefði ekki komið fyrr einhvern tíma á ofanverðu sumri.

Þessi skipti á dráttarvélategund ollu hins vegar vandræðum í sambandi við snjóbeltin, sem við fengum 1974, því að þau voru pöntuð fyrir MF-vél. Þurfti að skipta um vissa hluti með óskaplegu brasi og eru beltin ekki komin í gagnið enn.

Allt viðhald véla, verkfæra, dráttarvéla og bifreiðakostaði 667.046 kr. Þar af aðkeypt viðhald 443.922, en vinna hér heima 223.124.

12. F r a m k v æ m d i r í F l j ó t s d a l.

Ekkert var unnið í girðingum á árinu.

Settar voru niður 66.205 lerkiplöntur.

13. Ý m i s l e g t.

a. Ferðafólk.

Ferðamannastraumur var mjög mikill í hinum sólríku og hlýju mánuðum júlí og ágúst.

Á þessu sumri var byrjað að selja tjaldleyfi. Ingólfur Pétursson, fulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, skoðaði Atlavíkina með mér í júní og gerði tillögur um lagfæringar, en lagði annars blessun sína yfir staðinn. Í samráði við hann var tjaldsæðagjald ákveðið 200 kr.

Skv. tillögu Ingólfs fengum við Eik sf. á Miðhúsum til þess að útbúa stórt leiðbeiningaskilti af Atlavíkinni. Var það sett upp efst í Víkinni.

Ólafur Hallgrímsson kennari sá um svæðið eins og undanfarin sumur. Gerði hann það af sinni miklu samviskusemi. Því miður gat

15.

Ólafur ekki byrjað að sinna svæðinu fyrr en eftir plöntun, sem hann var með í, eða um viku af júlí. Misstum við af þessum sökum af allmiklum tekjum.

Um 20. júlí fór að bera á háreisti og dólghætti ölvaðra manna í Víkinni eftir dansleiki um helgar hér í nágrenninu. Gekk þetta svo langt einu sinni, að byssumenn voru á ferðinni og hléyptu af um há nótt.

Í samráði við sýslumann var ákveðið, að við hefðum þarna næturvörslu nokkrar helgarnætur framyfir verslunarmannahelgi. Voru 2 piltar frá okkur í þessu. Jafnframt kom lögreglan á Egilsstöðum reglulega inneftir og okkur var gert kleyft að hafa við hana símasamband, ef með þyrfti. Jafnframt var veginum niður í Víkina lokað þessar nætur.

Þessi skipan gafst vel, en kostaði auðvitað talsvert fé.

Sýslumaður hafði gert mér ljóst, að um leið og við færum að taka gjald fyrir tjaldstæði, værum við búnir að taka á okkur ábyrgð á því, að tjaldgestir yrðu ekki fyrir óeðlilegu ónæði.

b. Gestir skógræktarinnar.

27. maí. Hannes Davíðsson arkitekt og Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Reykjavík.
4. júní. Vilhjálmur Ingvarsson framkvæmdastjóri, Reykjavík.
17. " Bændaför Dalamanna. 100 manns. Fararstjóri Jón Hólm héraðsráðunautur.
23. " Norrænir farfuglar. 20 manns. Leiðsögumaður Ragnar Guðmundsson frá ~~Reykjavík~~ Vallanesi.
26. " Bændaför Vestfirðinga. 100 manns. Fararstjóri Guðmundur Ingi Kristjánsson bóndi á Kirkjubóli.
27. " Ísalnefndin. Leiðsögum. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri.
27. " Orlofskonur af Austurlandi. Um 30 talsins.
30. " Leivur Hansen, skógræktarstjóri í Færeyjum, ásamt 2 ungum skógræktarnemum færeyskum.
3. " Gunnar Gunnarsson og Sigurjón Jóhannsson blaðamenn frá Þjóðviljanum.
- 11.-13. júlí. Norður-norsku skógræktamennirnir Kaasen, Pettersen, Angell, Aalde og ~~sigurjón~~ Vikhammer ásamt eiginkonum þriggja þeirra í fylgd Hauks Ragnarssonar, dóttur hans og vinkonu hennar norskrar.
15. júlí. Ingólfur Georgsson verkfræðingur á Akureyri.
19. júlí. Sören Sörensen frá Kaupmannahöfn (sonur H. P.), Ditte Nexø kona hans, dóttir þeirra og tengdasonur.
24. " Þjóðdansaflokkur frá Norðurlöndum öllum, 60 manns.
25. " Böðvar Guðmundsson skógtæknifr. og norsku skógræktarstúdentarnir, er með honum unnu í sumar.
31. júlí. Ólafur B. Guðmundsson lyfjafraeðingur og kona hans, Reykjavík.
2. ágúst. Náttúruverndarráð, aðalmenn, nokkrir varamenn, Árni Reynisson framkvæmdastjóri og nokkrir makar þeirra.
- 11.-12. ágúst. Baldur Þorsteinsson skógfr.
17. ágúst. Hreiðar Sigurjónsson bifreiðarstjóri og kona hans, Húsavík.
21. " Ketil Kohman gróðrarstöðvaráðunautur, Noregi, Indriði Indriðason og Ísleifur Sumarliðason skógarverðir og eiginkonur þeirra.
28. " Kristinn Skæringsson skógarvörður, kona hans og 2 synir.
4. sept. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.
9. " Steindór Steindórsson frá Hlöðum.
26. " Dr. Björn Sigurbjörnsson forstöðumaður RALA og Bjarni Arason stjórnarformaður.
18. okt. Guðmundur Hjartarson seðlabankastjóri og Ólafur Jónsson á Kaðalsstöðum í Stafholtstungum.
- 21.-23. okt. Baldur Þorsteinsson skógfræðingur.

Fyrir 2 þessara hópa hafði Skógræktin hér uppi risnu: Bændaför Dalamanna, sem þágu kaffiveitingar á hótelinu og hestaskál inni í

16.

Mörk, og norður-norsku skógræktarmennina og konur þeirra, sem þágu kvöldverð á hótelinu með föstum starfsmönnum hér.

Bændaför Vestfirðinga var á svo mikilli hraðferð, að ekki var tími til að þiggja neinar veitingar, þótt boðnar væru.

c. Ferðalög og fundahöld.

17.-27. febrúar. Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins ásamt útrétt-
ingum og eftirhreytum.

23. febrúar. Sýndi litskyggnur af trjátegundum á Hallormsstað á fundi
í Garðyrkjufélagi Íslands í Súlnasal Hótel Sögu, Reykjavík.

18. apríl. Sýndi litskyggnur frá Troms og Finnmörku í Noregi (1972)
hjá Skógræktarfélagi Hafnfirðinga í Góðtemplarahúsinu í
Hafnarfirði. Tók þátt í umræðum á fundinum með formanni og
framkvæmdastjóra Skf. Íslands.

22.-23. apríl. Framhald starfsmannafundar S.r.

26. apríl. Fór í Hvamm og Stálpastaði í Skorradal með Ágústi Árnasyni
og Gunnari Finnbogasyni. Skoðaði skógræktina þar rækilega.

29. apríl. Sýndi litskyggnur frá Troms og Finnmörku í Noregi á fundi
Skf. Árnesinga í Borg í Grímsnesi. Tók þátt í umræðum með
sömu mönnum og í Hafnarfirði.

5. maí. Ferð á Norðfjörð ásamt Hauki Ragnarssyni og Jóni Loftssyni.
Skoðuðum í leiðinni blæsparsvæðin öll, sem þekkt eru í
Egilsstaðaskógi. Skoðuðum skógarreit Skf. Neskaupstaðar.
Sátum aðalfund félagsins og tókum þar þátt í umræðum. Ég
sýndi litskyggnurnar frá Troms og Finnmörku, sem áður er
getið.

14.-16. maí. Ferð að Skaftafelli í Örafum með garðplöntur. Leiðbeindi
um gróðursetningu þeirra á tjaldstæðinu við nýju ferða-
mannamiðstöðina. Að kvöldi 15. maí sat ég fræðslufund hjá
Skógræktarfélagi A-Skaftfellinga í gagnfræðaskólanum á Höfn.
Óli Valur Hansson ráðunautur sat þennan fund líka. Við
ræddum um skrúðgarðatré og -runna. Að morgni 16. maí skoð-
aði ég sérkennilegt birki í Hoffellsdal hjá sumarbústað
Gísla Arasonar mjólkurbússtjóra.

23. maí. Plöntusala í Neskaupstað.

26. maí. Leiðbeindi við plöntun í Alpýðuskólanum á Eiðum ásamt Jóni
Loftssyni og Skúla Björnssyni.

31. maí. Plöntusala í Neskaupstað.

9.-10. júlí. Mætti norður-norsku skógræktarmönnum við Skeiðará hinn
9. júlí. Leiðbeindi þeim til Hafnar um kvöldið og næsta
dag frá Höfn til Hallormsstaðar. Komum m.a. við í Stafa-
fellsfjöllum upp með Jökulsá í Lóni.

21.-26. ágúst. Ferð til Borgarfjarðar vestri á aðalfund Skf. Íslands.
Auk þess, sem fundarmönnum var sýnt, skoðaði ég gróðrar-
stöðina og skóginn í Norðtungu í fylgd Daníels Kristjáns-
sonar og Ólafs Odssonar. Húsafellsskóg skoðaði ég í fylgd
Guðmundar Pálssonar. Skógræktina á Kaðalsstöðum í Stafholts-
tungum skoðaði ég einnig. Í austurleið kom ég við á Vöglum
í Fnjóskadal og skoðaði gróðrarstöðina.

13. nóv. Sat fund stjórnar Mógilsárstöðvarinnar á Mógilsá.

d. Annað.

Tímabilið 15.-30. apríl fékk ég orlof til þess að taka sæti á
Alþingi sem varamaður 2. þm. Austurlands.

Hinn 16. sept., er ég var að afkvista birki við gróðrarstöðina,
varð ég fyrir því óhappi að höggva í fótinn á mér. Lá ég nokkra daga
í rúminu, en gekk síðan á hækjum 4/3 vikur. Þetta kom sér auðvitað
afarilla fyrir mig, þar eð maður var illa starfhæfur á meðan.

Frá 14. nóv. og til jóla tók ég frí. Sat ég í 4 vikur á alls-
herjarþingi S.P. í New York í sendinefnd Íslands. Á þessum tíma gáf-
ust mér nokkur tækifæri til þess að komast út í skóg. Þránd við
Cambridge í Massachusetts skoðaði ég blandaðan laufskóg, en í nánd
við Atlantic City í New Jersey bæði blandaðan laufskóg og glæsilegar

17.

plantanir af Pinus strobus. Loks skoðaði ég New York Botanical Garden í Bronx í fylgd varaforstjóra garðsins. Átti ég einnig alllangt viðtal við forstjórann. Þetta var mjög lærdómsríkur dagur og skemmtilegur. Þar hittu ég allmarga kunningja frá Colorado.

14. K o s t n a ð a r t ö f l u r o g t e k j u y f i r l i t.

Á næstu blaðsíðum eru færðar upp tölur, sem sundurliðaðar hafa verið yfir kostnað á árinu 1975. Ennfremur sundurliðað tekjuyfirlit. Tekjur af fæðissölu eru ekki teknar þar með, né heldur eru færð gjöld til mótuneytis umfram það, sem fæðispeningar hrukku til.

Sum gjöld tilheyra raunverulega árinu 1974, en koma til reiknings 1975. Í flestum tilvikum stafaði það af því, að reikningar höfðu ekki borist fyrr en eftir áramót.

Söluskatturinn, sem hér er tilgreindur, er af sölunni 1974. Eg geri söluskattinn ekki upp fyrr en í janúar og er það í samráði við skattstjóra. Eg get þess hér, að söluskatturinn fyrir árið 1975 var rúmlega 775 þús. kr.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld Skógræktar ríkisins á
Hallormsstað árið 1975 borið saman við áætlun fyrir árið.

Reikn. nr.	Texti	Áætlun 1975	Niðurstaða 1975
011 -015	Laun + orlof	7.100.000	8.209.172
0156-0159	Fæðispeningar	550.000	643.039
017	Launatengd gjöld	600.000	877.381
0212	Húsaleiga	-	24.000
022	Raforka	400.000	315.713
023	Oliur og bensín	450.000	462.994
026	Tryggingar.....	110.000	171.884
027	Aðkeypt viðhald	760.000	1.011.236
028	Ymis stofnkostnaður	30.000	127.880
031	Sáðvörur, áburður, plöntur	100.000	83.569
039	Ymsarrekstrarvörur	250.000	549.059
041	Skrifstofukostnaður	200.000	295.198
042	Ferðakostn., risna, gjafir	30.000	124.685
0431	Aðkeyptur akstur	170.000	99.463
0432	Flutningsgjald	200.000	198.969
0433	Vinnuvélaþjónusta	150.000	171.099
044	Ymis aðkeypt þjónusta	-	1.700
051	Ymis opinber gjöld	50.000	149.708
071	Vextir	100.000	131.572
08	Gjaldfærður stofnkostnaður	1.000.000	200.839
09	Tilfærslur	-	73.298
011-09	Samtals gjöld	12.250.000	13.922.458
	Tekjur með söluskatti	2.850.000	6.266.368
	Söluskattur	500.000	373.558

Hér er þessu við að bæta:

Í aðkeyptu viðhaldi er ekki tekin með sú upphæð, er greidd var hér á árinu vegna Hallormsstaðabæjarins, kr. 2.132.666.

Í vinnulaunum eru innifaldar eftirfarandi upphæðir:

1. Fljótsdalsáætlun	kr.	375.319
2. Vinnusala	"	74.319
3. Hallormsstaðabær	"	21.865
4. Ásagirðing	"	227.774

Alls kr. 699.354

Í tekjum eru innifaldar Fljótsdalspl. kr. 922.540

Kostnaður við Skógrækt ríkisins á Hallormsstað árið 1975.

01	<u>Laun og ýmis starfsmannaútgjöld.</u>		
0111/18-			
0122/18	Dagv., eftirv., næturv. + orlof ..kr.	8.209.172	
0156/18	Fæðispeningar	643.039	
0171	Iðgjöld til slysa- og atv.l.tr.	153.908	
0173/o2	Iðgjöld til Lífeyrissj. Austurl.	392.330	
0175	Launaskattur	331.143	9.729.592
021	<u>Leiga á efnislegum fjármunum.</u>		
0212	Húsaleiga		24.000
022	<u>Raforka.</u>		
0222/18	Raforka		315.713
023	<u>Olíur og bensín.</u>		
0232	Til upphitunar	4.183	
0235	Vélar og vélasamstæður	21.260	
0237/02	Dráttarvélar	97.163	
0237/13	U-866	80.564	
0237/23	U-1905	259.824	462.994
026	<u>Tryggingagjöld efnisl. fjármuna.</u>		
0260	Trygging birgða	1.770	
0262	Skyldutrygging húseigna	32.233	
0267/01	Ábyrgðartrygging bifreiða	90.007	
0267/02	Húftrygging bifreiða	12.565	
0267/04	Trygging flutningat. og vinnuvéla	35.309	171.884
027	<u>Aðkeypt viðhald efnisl. fjármuna.</u>		
0271	Jórvíkurgirðing	336.951	
0272/11	Umdæmabústaður	58.956	
0272/12	Starfsmannabústaður	86.721	
0272/15	Verkfærageymsla	23.571	
0272/25	Hallormsstaður	(2.132.666)	
0275/01	Vélar og vélasamstæður	15.966	
0276/01	Verkfæri og áhöld	106.292	
0277/01	Dráttarvélar	189.455	
0277/14	U-866	80.083	
0277/	U-1905	52.126	
0278/01	Vatnskerfi í gróðrarstöð	58.371	
0279	Annað aðkeypt viðhald	2.744	1.011.236
028	<u>Ýmis stofnkostnaður.</u>		
0286	Ýmis handverkfæri	51.521	
0288/02	Ýmsar eignir	76.359	127.880
031	<u>Sáðvörur, áburður, plöntur.</u>		
0312/02	Áburður til gróðrarstöðva	71.029	
0312/11	Jarðvegsbætandi efni til grst. ..	12.540	83.569
039	<u>Ýmsarrekstrarvörur.</u>		
0392	Viðlegubúnaður	47.780	
0393	Ræsti- og hreinlætisvörur	22.871	
0396	Umbúðir	35.265	
0397	Kemísk efni	40.101	
0399/01	Vörur til gróðrarstöðva	390.784	
0399/02	Vörur til skóggræðslu	9.388	549.049
0399/03	Ýmsar vörur	2.860	
041	<u>Skrifstofukostnaður.</u>		
0411/02	Ritföng	15.074	
0412	Prentun	11.905	
0413/01	Bækur	5.826	
0413/02	Tímarit og blöð	23.976	
0413/03	Landakort og loftmyndir	5.440	
0414/18	Símakostnaður	194.046	
0415/02	Burðargjöld	5.616	
0416	Auglýsingar	33.315	295.198

042	<u>Ferðakostnaður, risna, gjafir.</u>		
0422/31	Hákon Bjarnason	kr.	2.433
0423/02	Dvalarkostnaður innanlands	"	18.360
0427	Risna	"	<u>106.325</u>
043	<u>Aðkeyptur akstur, flutn., vinnuv.</u>		
0431/02	Vörubílar v/gróðrarstöðvar	"	50.078
0431/51	Starfsmenn v/skóggræðslu	"	24.270
0431/52	Starfsmenn v/gróðrarstöðvar	"	16.962
0431/63	Starfsmenn v/útivistarsvæða	"	5.720
0432/01	Afurðaflutningar	"	109.888
0432/02	Aðdrættir	"	66.228
0432/03	Matvælaflutningar	"	22.853
0433/01	Vinnuvélabjónusta v/skóggræðslu	"	49.400
0433/02	Vinnuvélabjónusta v/gróðrarstöðv.	"	<u>121.699</u>
044	<u>Ýmis aðkeypt bjónusta.</u>		
0449/11	Ýmis aðkeypt bjónusta	" 1.700
051	<u>Eignaskattar.</u>		
0511	Fasteignaskattur	"	84.700
0517/01	Bifreiðaskattar	"	46.140
0518	Skattar af ýmsum eignum	"	<u>18.868</u>
071	<u>Vaxtagjöld.</u>		
0712	Vextir af yfirdrætti bankareikn,	"	106.605
0714	Vextir af ýmsum lausaskuldum	"	24.553
0719	Ýmsir vextir	"	<u>414</u>
079	<u>Ahættutap.</u>		
0791	Afskrifaðar tapaðar skuldir	" 58.968
08	<u>Gjaldfærður stofnkostnaður.</u>		
0830	Skemma á Hallormsstað	"	148.700
0870	Ford 5000 dráttarvél	"	<u>52.139</u>
09	<u>Tilfærslur.</u>		
0943/01	Útivistarsvæði vörur og bjónusta	" 69.798
0944/04	Fljótsdalur girðingarefni	" 3.500
528	Söluskattur (ársins 1974)	" 373.558

Innkomnar tekjur hjá Skógrækt ríkisins Hallormsstað 1975.

102	Vextir	kr.	3.375
111/01	Húsa- og landleigutekjur	"	47.254
121/01	Bifreiðaleiga	"	24.000
131	Álag á selda vinnu	"	48.413
-	Afborganir af lánnum	"	15.000
-	Seld tjaldstæði	"	187.000
16	<u>Sala með söluskatti.</u>		
161/01	Skógarplöntur, almennar	"	39.290
161/02	Skógarplöntur, almennar	"	922.810
162/01	Garðplöntur, almennar	"	1.939.670
163	Viður og staurar	"	726.584
164	Jólatré og greinar	"	1.281.800
17	<u>Sala án söluskatts.</u>		
171	Skógarplöntur	"	1.080.678
172	Viður og staurar	"	77.175
151	<u>Ýmsar tekjur:</u>		
	Selt byggingarefni	"	24.976
	Seld vinna	"	73.764
558	<u>Viðskiptamenn reikningshaldara.</u>		
	Innborgað 1975	"	663.439
	Flutningsgjöld fyrir arinvið	"	33.950

21.

Sundurliðun vinnulauna á Hallormsstað 1975.

Reikn. nr.	Verkefni	Tímar alls	Tímalaun + orlof	Akvæðisvinna	Alls kr.
<u>1 (100)</u>	<u>Skógggræðsla</u>	4.541			1.922.033
102	Grisjun	17	5.397	-	5.397
103	Gróðursetning	725	234.984	154 t.74.920	309.904
104	Hirðing	56	24.602	-	24.602
105	Jólatré	452	209.358	-	209.358
108	Nýjar girðingar	572	227.774	-	227.774
109	Viðgerð girðinga	360	139.894	-	139.894
112	Umsjón/eftirlit	45	18.957	-	18.957
114	Ymislegt	45	15.825	-	15.825
121	Skógarhögg	1.408	532.348	-	532.348
122	Búnta, birkja, ydda	656	248.780	70.180	318.969
122	Fúavörn	58	20.641	-	20.641
122	Arinv., sögun, pokun	147	56.373	42.000	98.373
<u>2 (200)</u>	<u>Gróðrarstöð</u>	11.027			4.314.540
203	Sáningar	373	161.683	-	161.683
204	Dreifsetning	1.506	547.901	211.717	759.618
205	Garðplöntur	2.718	994.551	-	994.551
207	Hirðing	325	121.172	-	121.172
208	Afhending	1.373	498.683	-	498.683
209	Illgr. fræpl.	864	308.764	-	308.764
209	Illgr. dreifpl.	992	370.728	-	370.728
210	Jarðvinnsla	245	101.450	-	101.450
211	Vetrarumbúnaður	1.582	599.367	-	599.367
212	Skjólbelti	101	34.649	-	34.649
213	Smíðar	289	122.530	-	122.530
213	Gluggaviðgerðir	350	123.117	-	123.117
214	Ymislegt	309	114.461	-	114.461
<u>3 (300)</u>	<u>Rannsóknir</u>				
301	Tilraunareitir	28	9.855	-	9.855
<u>4 (400)</u>	<u>Stjórnun</u>	351			744.134
405	Ráðskonur	115	33.149	629.768	662.917
406	Veikindadagar	206	67.423	-	67.423
403	Risna	30	12.794	-	12.794
<u>5 (500)</u>	<u>Viðhald</u>	1.031			399.283
506	Umdæmisbústaður	51	16.944	-	16.944
507	Starfsmannabústað.	128	57.753	-	57.753
510	Verkfærageymslur	112	41.860	-	41.860
511	Birgðageymslur	34	13.462	-	13.462
525	Hallormstaður	48	21.865	-	21.865
541	Vélar	51	16.349	-	16.349
551	Verkfæri	221	85.833	-	85.833
561	Dráttarvélar	88	34.056	-	34.056
574	U-866	95	32.903	-	32.903
578	U-1905	145	53.983	-	53.983
581	Vatnskerfi	58	24.275	-	28.275

22.

Reikn. nr.	Verkefni	Tímar alls	Tímalaun + orlof	Ákvæðisvinna	Alls kr.
<u>6 (600)</u>	<u>Stofnkostnaður</u>	488			196.977
610	Skemma	67	26.389	-	26.389
611	Báruplasthús	421	169.977	-	169.977
<u>7 (700)</u>	<u>Tifærslur</u>	561	550.19		550.195
702	Skóggræðsla einst.	7	3.578	-	3.578
703	Útivistarsvæði	422	171.298	-	171.298
704	Fljótsdalur	132	43.346	571 t331.973	375.319
<u>8 (800)</u>	<u>Vinnusala</u>				
800	Vinnusala	193	74.396	-	74.396

Hallormsstað, 10. mars 1975.

SKÓGRÆKT RÍKISINS
Skógaærvörðun og Austurlandi

Sig. Blöndal